

Nd.

472. Nefndarállt

um frumvarp til laga um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Með þingsályktun 5. maí f. á. skoraði neðri deild Alþingis á ríkisstjórnina að endurskoða löggin um skipströnd og leggja fyrir næsta þing frumvarp um þetta efni.

Stjórnin brást vel við þessari málaleitun og lagði frumvarp það, sem hjer um ræðir, fyrir efri deild þingsins þegar í þingbyrjun.

Auk þess að í frumvarpinu felst gagngerð endurnýjun laga um skipströnd, þá hefir hæstv. stjórn tekið upp í það endurbætt fullkomin lagaákvæði um vogrek. Á þessu var hin mesta þörf og sjerstaklega hagkvæmt að sam-eina hvorttveggja í einum lögum.

Allsherjarnefnd efri deildar hafði mál þetta lengi til meðferðar og athugaði það itarlega á mörgum fundum (sjá þskj. 191). Hún gerði nokkrar fremur smávægilegar breytingar á frumvarpinu, og voru þær allar samþyktar í þeirri hv. deild.

Þannig breytt liggur frv. nú fyrir til athugunar í nefndinni.

Hjer skal minst á aðalefni þess í fáum dráttum, jafnhliða því, sem nefndin hefir við það að athuga.

Fyrsti kafli frumv., 1. til 21. gr., að þeim báðum meðtöldum, er um skipströnd. Hann er allur í raun og veru samfeld skipulagsákvæði um *björgun*; að öðrum þræði björgun manna úr nauðum, hjálp við þá og heimsending, og að hinu leyti — og það að margfalt meira leyti — björgun skips og farms frá eyðileggingu og ráðstafanir, sem af því leiða.

Nefndin telur ákvæði frv. um björgun manna svo sjálfsögð, að um þau verði ekki deilt.

Eins og áður er sagt, eru aðalákvæði þessa kafla um björgun skips og farms eða göss, eins og það er orðað þar. Hjer er venjulega um mikil verðmæti að ræða, og fjárhagslega hlýtur það að skifta miklu fyrir þá, sem tjón biða, ef slík verðmæti glatast að miklu leyti eða öllu. Þess vegna ber nauðsyn til að gæta þess vandlega, að í löggjöfnni um þessi efni sje rjettur þeirra um ihlutun til björgunar á engan hátt fyrir borð borinn.

Það hafa verið bornar brigður á, að þessi rjettur væri nægilega tryggður með ákvæðum frumvarpsins. Fyrst lauslega við 1. umræðu málsins í neðri deild, og síðan í viðtali og brjeflega við nefndina af hálfu nokkurra umboðsmanna váttryggingarfjelaga, sem búsettir eru hjer í Reykjavík.

Í tilefni af þessu og eftir vandlega ihugun málsins flytur nefndin dálitla breytingu á síðari hluta 1. gr. frv. Hann hljóður um það, hvernig og hverjum skuli tilkynna skipstrand. Með breytingunni vill nefndin láta tilkynna þetta eigendum og váttryggjendum, ef um þá er vitað og til þeirra næst, auk þeirra, sem nefndir eru í greininni.

Af sömu ástæðum leggur nefndin til, að breytt verði 2. grein. Greinin hljóðar um það, hverra skilyrða skuli gætt til þess að skip verði talið strandað. Nefndin litur svo á, að ekki þurfi það að hindra björgunarframkvæmdir, þótt úrskurður um, að skip sje strandað, sje ekki í lögunum talinn fullnaðarúrskurður.

7. gr. frumvarpsins kveður skýrt á um það, að rjettur aðili — þ. e. skipstjóri, eigandi eða váttryggjandi — getur hvenær sem er tekið björgun í sínar hendur, og falla þá hin opinberu afskifti af björguninni niður. Nefndin litur svo á, að með ákvæðum þessarar greinar sje eigendum og váttryggjend-

um skips og farms trygður sá rjettur til ihlutunar og yfirráða um björgun, sem þeir eftir atvikum geta krafist.

Eins og getið er um í athugasemdunum við frumvarpið, þá koma ákvæði 8. gr. í stað 7. gr. núgildandi strandlaga. Auk þess eiga þessi ákvæði að gilda í stað X. kapitula siglingalaganna 30. nóv. 1914, að því leyti, er hann gildir um skipströnd.

Nefndinni hefir verið bent á, að nokkur þörf væri að breyta fleiru í þessum kafla frumvarpsins en að framan er getið; sjerstaklega ákvæðum 20. greinar. Nefndin hefir þó ekki fallist á breytingar í þessu efni, nema litilsháttar viðauka við fyrri málsgrein 9. gr.

Annar kafli frv., 22.—27. gr. að þeim báðum meðtöldum, er um vogrek. Ákvæðin í þessum kafla eru mjög nauðsynleg og, að svo miklu leyti sem við á, í fullu samræmi við kaflann um skipströnd. Nefndin hefir ekkert við hann að athuga.

Þriðji og síðasti kafli frv. er almenn ákvæði.

Tvær fyrstu greinar kaflans (28. og 29. gr. frv.) kveða sjerstaklega á um það, hversu með skal fara, þegar skip eða skipsflak hefir legið óhirt eða óselt í fjöru eða á strandstað um ákveðinn tíma. Þá er aftur ákveðinn viðbótartími, sem eiganda er gefinn kostur á að nema það brott af staðnum, ella að missa eignarrjettar síns á því.

Það kom til tals í nefndinni að gera tillögur um að stytta að mun fresti þá, er um ræðir í þessum greinum, svo og í 17. grein. Það varð þó að samkomulagi að fresta úrslitum um þetta til 3. umr.

Nefndin telur málið mjög þýðingarmikið og leggur eindregið til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Þriðji másl. (En lögreglustjóri ... pósthferð) orðist svo:
Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu pósthferð.
2. Við 2. gr. a. Á eftir orðunum í öðrum másl. »skip talið strandað« komi:
og rjett að fara með það.
b. Niðurlag »Fela skal ... fullnaðarúrskurður« orðist svo:
Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæða ræður úrslitum.
3. Við 9. gr. Aftan við fyrri málsgrein bætist: og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minst.

Alþingi, 1. maí 1926.

Jón Kjartansson,
form.

Pjetur Þórðarson,
frsm.

Árni Jónsson,
fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Jón Baldvinsson.